



Tjarnargötu 11
101 Reykjavík


Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 2. október 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Reitur 1.171.2


Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi fyrir reitur 1.171.2, sem afmarkast af Skólavörðustíg, Bergstaðastræti, Hallveigarstíg, Ingólfsstræti og Bankastræti. Í tillögunni felst að afmörkun skipulagsins er færð til í samræmi við nýtt deiliskipulag fyrir Laugaveg sem göngugötu, 1.áfanga samkvæmt uppd. Landslags ehf. dags. 23. september 2019.

*Samþykkt með atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Viðreisnar og fulltrúa Samfylkingarinnar að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.
Vísað til borgarráðs*


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: deiliskipulagsuppd. dags. 23. september 2019



GILDANDI DEILISKIPULAG DAGS 08.10.2002





TILLAGA AÐ BREYTTUM DEILISKIPULAGSMÖRKUM



HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS 2010-2030

 MÖRK GILDANDI DEILISKIPULAGS
 NÝ MÖRK GILDANDI DEILISKIPULAGS



Í gildi er deiliskipulag staðgr. 1.171.2, Skólavörðustígur, Bergstaðastræti, Hallveigarstígur, Ingólfsstræti og Bankastræti, dags. 08.10.2002, síðast breytt 23.08.2019 sem þarf að breyta svo að ekki verði skörun á skipulagsmörkun á milli skipulagssvæða vegna nýs deiliskipulags fyrir hluta Laugavegar vegna göngugötu. Breytingin felst eingöngu í því að mörkun deiliskipulagsins er breytt á þann hátt að í stað þess að mörkin liggja í miðri götu eru þau færð inn að lóðarmörkunum við Ingólfsstræti, Laugaveg og Skólavörðustíg.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr skipulagslaga nr 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 2019 og í _____ þann _____ 2019. Tillagan var auglýst frá _____ 2019 með athugasemdafresti til _____ 2019. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2019.

REYKJAVÍKURBORG, REITUR 1.171.2
SKÓLAVÖRDUSTÍGUR, INGÓLFSSTRÆTI OG LAUGAVEGUR
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA

KVARDI-A2: 1:500	TEIKN NR:
DAGS: 23.09.2019	HANNAÐ:
FLOKKUR: 0000-REYKJA	TEIKNAD: HN
SKRÁ: 19126-ADLIGGJANDI.DWG	VERKNR: 19126

